

Félag Læknisfræðilegra Eðlisfræðinga á Íslandi (e. Icelandic Society of Medical Physicists)

Samþykktir

1. gr.

1.1 Félagið heitir **Félag læknisfræðilegra eðlisfræðinga á Íslandi**. Heiti félagsins á ensku er **Icelandic Society of Medical Physicists**.

2. gr.

2.1 Tilgangur félagsins er að styrkja faglegt starf læknisfræðilegra eðlisfræðinga á Íslandi. Önnur markmið félagsins eru að efla þjálfun, menntun og samskipti innan starfsgreinarinnar hér á landi, auk þess að stuðla að innlendu og alþjóðlegu samstarfi innan greinarinnar. Félagið stundar ekki atvinnustarfsemi.

3. gr.

3.1 Tilgangi sínum hyggst félagið ná með því að:

- a) hvetja alla læknisfræðilega eðlisfræðinga á Íslandi til virkrar þátttöku í félaginu;
- b) veita álit á lagafrumvörpum og öðrum tillögum stjórnvalda sem viðkoma starfsemi starfsgreinarinnar hér á landi;
- c) halda fræðslufundi og ráðstefnur;
- d) taka þátt í innlendu og alþjóðlegu samstarfi á sviði læknisfræðilegrar eðlisfræði;
- e) gerast aðili í alþjóðlegu fagfélögunum NACP, EFOMP og IOMP;
- f) vinna að löggildingu starfsheitisins læknisfræðilegur eðlisfræðingur.

4. gr.

4.1 Félagsaðild er tvenns konar, full aðild og aukaaðild.

4.2 **Full aðild** er opin þeim einstaklingum sem:

- a) starfa, eða hafa starfað, sem læknisfræðilegir eðlisfræðingar á Íslandi; eða
- b) hafa lokið meistara- eða doktorsgráðu í læknisfræðilegri eðlisfræði.

4.3 **Aukaaðild** er opin þeim einstaklingum sem starfa eða eru við nám innan sviðs læknisfræðilegrar eðlisfræði en uppfylla ekki skilyrði um fulla aðild. Aukaaðild veitir tillögu- og framsögurétt á aðalfundi félagsins en ekki atkvæðarétt. Nemar greiða hálf tóla félagsgjald.

4.4 Stjórn félagsins afgreiðir umsóknir um aðild að félaginu. Við afgreiðslu umsókna skulu hafðar til hliðsjónar skilgreiningar á starfsgreininni læknisfræðilegur eðlisfræðingur (e. medical physicist, medical physics expert) úr riti framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins (Radiation Protection No 174) og riti Alþjóðakjarnorkumálastofnunarinnar (IAEA; International Basic Safety Standards, No. GSR Part 3).

4.5 Úrsögn úr félaginu skal afhend stjórn skriflega. Aðild félagsmanna ógildist ef félagsgjöld eru ekki greidd í samræmi við félagsaðild. Aðild telst gild á aðalfundi ef félagsgjöld áður liðins almanaksárs hafa verið greidd.

4.6 Félagsfólki ber að virða lög og siðareglur félagsins. Við endurtekin eða alvarleg brot á lögum, siðareglum eða öðrum samþykktum félagsins getur stjórn vikið félagsmanni úr félaginu.

5. gr.

5.1 Starfstímabil félagsins er almanaksárið. Á aðalfundi skal stjórn gera upp árangur liðins árs. Aðeins félagsmenn mega vera þátttakendur í aðalfundi. Allir gildir félagsmenn hafa tillögu- og framsögurétt á aðalfundi en einungis félagsmenn með gilda fulla aðild hafa atkvæðarétt.

6. gr.

6.1 Aðalfund skal halda eigi síðar en 1. maí ár hvert og skal boða til hans með að minnst tveggja vikna fyrirvara með sannanlegum hætti. Með stuðningi a.m.k. 30% gildra félagsmanna má boða til aukaaðalfundar við sérstakar kringumstæður og skal boða til hans með að minnst tveggja vikna fyrirvara með sannanlegum hætti. Aðalfundur er löglegur, sé rétt til hans boðað. Einfaldur meirihluti mætttra félagsmanna ræður úrslitum mála á aðalfundi nema ef ákvörðun um slit félagsins er að ræða.

6.2 Dagskrá aðalfundar skal vera sem hér segir:

1. Kosning fundarstjóra og fundarritara
2. Skýrsla stjórnar lögð fram
3. Reikningar lagðir fram til samþykktar
4. Lagabreytingar
5. Ákvörðun félagsgjalds
6. Kosning stjórnar
7. Kosning skoðunarmanns reikninga
8. Önnur mál

7. gr.

7.1 Stjórn félagsins skal skipuð 4-5 félagsmönnum með gilda fulla aðild: formanni, ritara/varaformanni, gjaldkera og 1-2 meðstjórnendum. Stjórn skal kjörin á aðalfundi til eins árs í senn. Einnig er heimilt að kjósa allt að 2 varamenn. Kosið er í embætti formanns, ritara/varaformanns, gjaldkera og meðstjórnenda en stjórnin skiptir með sér öðrum verkum. Stjórn félagsins fer með málefni félagsins milli aðalfunda og tilnefnir fulltrúa félagsins í nefndir á vegum alþjóðlegra samtaka eins og við á. Formaður boðar til funda. Firmaritun er í höndum tveggja stjórnarmeðlima þar sem annar er formaður eða gjaldkeri. Stjórn tekur til umfjöllunar möguleg brot á siðareglum.

7.2 Tillögur að lagabreytingum skulu berast stjórninni viku fyrir löglega boðaðan aðalfund. Tillögur að lagabreytingum skal stjórn senda félagsmönnum í síðasta lagi fimm (5) dögum fyrir auglýstan aðalfund.

8. gr.

8.1 Ákvörðun um félagsgjald skal tekin á aðalfundi. Félagsgjöld skulu innheimt árlega.

9. gr.

9.1 Rekstrarafgangi af starfsemi félagsins skal varið í samræmi við tilgang félagsins. Félagsmenn njóta ekki fjárhagslegs ávinnings af starfsemi félagsins.

10. gr.

10.1 Ákvörðun um slit félagsins á aðalfundi þarf samþykki 2/3 atkvæða. Eignir félagsins renna til þeirra góðgerðarmála sem ákveðin verða á slitafundi.

11. gr.

11.1 Breytingar á siðareglum félagsins. Siðareglur skal endurskoða eftir tilefni og breytingar á þeim skulu samþykktar af aðalfundi félagsins.

Lög þessi voru samþykkt á stofnfundi þann 9.3.2023. Síðari breytingar samþykktar á aðalfundi 21.3.2024.